

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 2. desember 2020
2011044 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 103 mál.


Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til þess að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls, en þetta er í þriðja skipti sem sambærilegt frumvarp er lagt fram (áður lagt fram 2017 og 2019). Jafnréttisstofa sendi inn umsagnir við þau tilefni og vísar til þeirra. Stofan vill þó árétta eftirfarandi atriði.

Jafnréttisstofa tekur undir þau sjónarmið að löggjafinn verður með einhverjum hætti að bregðast við þeim aðstæðum þegar lögheimilis- eða umgengnisforeldri tálmar eða takmarkar umgengni. Stofan telur þó fyllsta tilefni til að stíga varlega til jarðar í þessum málum þar sem þau eru sérstaklega viðkvæm og geta haft miklar afleiðingar fyrir börn. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skv. barnalögum getur sýslumaður, að kröfu þess sem rétt á til umgengni, skyldað þann sem fer með forsjá eða umsjón barnsins að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum, sbr. 48. gr. laganna. Telja flutningsmenn frumvarpsins að umgengni sem komið er á með aðför komi ekki endilega í veg fyrir áframhaldandi tálmanir og því geti reynt á að fara þurfi oftár en einu sinni í dómsmál og að slíkur málarekstur sé dýr, tímafrekur og íþyngjandi fyrir barnið. Jafnréttisstofa bendir á að það úrræði sem lagt er til í frumvarpi þessu, þ.e. að refsing við broti gegn 98. gr. varði sektum eða fangelsi allt að fimm árum er ekki síður og jafnvel enn meira íþyngjandi fyrir barn. Þá telur Jafnréttisstofa að frekar sé tilefni til þess að styrkja þau úrræði sem til staðar eru svo að stytta megi málsmeðferðartíma og kostnað.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er mikilvægt að réttur barna til að þekkja báða foreldra sé virtur. Jafnréttisstofa bendir þó á að ákveðin þversögn sé fólgin í því að viðurlög við broti skuli vera að takmarka umgengni barns við það foreldri sem telst brotlegt, sbr. allt að fimm ára fangelsisvist.

Þá áréttar Jafnréttisstofa að í umsögn sinni dags. 4. júní 2019, var skýrt frá því að í skýrslunni „*Karlar og jafnrétti -Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum*“ er að finna tillögu um að kanna grundvöll fyrir námskeiði fyrir foreldra um afleiðingar skilnaðar á börn. Bendir starfshópurinn er stóð að skýrslunni á að slíkt gæti orðið til þess að milda slæmar afleiðingar skilnaðar og styrkt markmið um jöfnun foreldraábyrgðar.

Að öðruleyti vísar Jafnréttisstofa í fyrri umsagnir sínar við þetta frumvarp og styður ekki að það verði að lögum í óbreyttri mynd.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur